

**Menntaskólinn á Akureyri**  
**Íslenska 503**  
**Haustönn 2012**

Kennarar: Gunnhildur Ottósdóttir [gott@ma.is](mailto:gott@ma.is), Sigríður Steinbjörnsdóttir [sst@ma.is](mailto:sst@ma.is)

**Áfangalýsing og markmið**

Farið verður yfir sögu íslenskra bókmennta frá upphafi 20. aldar til dagsins í dag. Gerð verður grein fyrir helstu straumum og stefnum og verk nokkurra höfuðskálda kynnt og sett í samhengi. Lesnir verða textar sem á einhvern hátt endurspeglar tíðaranda og hræringar í íslenskum bókmenntum hvers tíma. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist grunnþekkingu á bókmenntasögu 20. aldar og hafi tök á að fjalla um helstu stefnur, höfunda og tímamótaverk á greinargóðan hátt í ræðu og riti. Þeir þjálfist jafnframt í sjálfstæðum vinnubrögðum og meðferð móðurmálsins.

**Námsmat**

Svar við bréfi Helgu – 10%  
Tvö próf úr Öldinni öfgafullu - 10%  
Valbók – bókmenntaritgerð - 10%  
Nemendafyrirlestur 2 saman – 10%  
Verkefnabók (bókmenntir, ritun, málfar) – 20%  
Lokapróf úr Öldinni, glærum og Ljóðahefti – 40%

Ef vetrareinkunn er 7,5 eða yfir og tímasókn 85% eða betri þarf ekki að standast lágmarkskröfur á lokaprófi.

**Bókalisti**

Dagný Kristjánsdóttir. 2010. *Öldin öfgafulla*. Bjartur, Reykjavík.  
Bergsveinn Birgisson. 2010. *Svar við bréfi Helgu*. Bjartur, Reykjavík.  
*Ljóðahefti (Ísl 503)*. Til sölu í afgreiðslu MA.  
Kjörbók – hver kennari ákveður lista yfir kjörbækur fyrir sína bekki

**Handbækur og ítarefni**

Gagnlegar handbækur eru Íslensk orðabók, Íslensk stafsetningarorðabók, Íslensk samheitaorðabók, Handbók um málfræði eftir Höskuld Þráinsson, Handbók um íslensku í ritstjórn Jóhannesar B. Sigtryggssonar, Hagnýt skrif eftir Gísla Skúlason, Handbók um ritun og frágang eftir Ingibjörgu Axelsdóttur og Þórunni Blöndal, Ljóðamál eftir Braga Halldórsson og Knút Hafsteinsson og Ísland í aldanna rás eftir Illuga Jökulsson.

**Kennsluhættir**

Fyrirlestrar, umræður, vinnutímar, moodle-kerfið notað, fjölbreytni í kennslu og námi. Kennarar stjórna því hvenær og hvort fartölvur verði notaðar í tímum. Augun höfð opin fyrir kvikmyndum og leikritum við hæfi. Nemendur vinna verkefnabók jafnt og þétt yfir önnina en verkefni tengjast bókmenntum, ritun, málfræði og málnotkun. Í henni verða að lágmarki 20 verkefni af ýmsum toga.

Vika	Efni	Lestur	Verkefni
1. vika 17.-21. sept.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kynning á áfanga og bókmenntum 20. aldar</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kennsluáætlun</li> <li>Kynning á moodle</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendur hella sér í lestur</li> </ul>
2. vika 24.-28. sept.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslensk bókmenntasaga 1900-1910</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Öldin öfgafulla</i> bls. 9-22</li> <li><i>Svar við bréfi Helgu</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkefnabók unnin jafnt og þétt yfir alla önnina</li> </ul>
3. vika 1.-5. okt.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýrómantík</li> <li>Bókmenntasaga 1910-1920</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Ljóðahefti</i></li> <li><i>Öldin öfgafulla</i> bls. 23-49</li> <li><i>Svar við bréfi Helgu</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkefnabók</li> <li>Verkefni úr svari við bréfi Helgu</li> </ul>
4. vika 8.-12. okt.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nýrómantík, ljóð og leikrit</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Ljóðahefti</i></li> <li><i>Svar við bréfi Helgu</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Lokaverkefni úr Svari við bréfi Helgu</li> </ul>
5. vika 15.-19. okt.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslensk bókmenntasaga 1920–1930</li> <li>Formtilraunir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Öldin öfgafulla</i>, bls. 51–63</li> <li><i>Ljóðahefti</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkefnabók</li> </ul>
6. vika 22.-26. okt.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslensk bókmenntasaga 1930–1940</li> <li>Kjörbók</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Öldin öfgafulla</i>, bls. 65–81</li> <li><i>Ljóðahefti</i></li> <li><i>Kjörbók</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkefni - tímapróf úr <i>Öldinni öfgafullu</i>, bls. 9–81.</li> </ul>
7. vika 31.okt.-2.nóv. <b>29.-30. vetrarfrí</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslensk bókmenntasaga 1940–1950</li> <li>Kjörbók</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Öldin öfgafulla</i>, bls. 83–105</li> <li><i>Ljóðahefti</i></li> <li><i>Kjörbók</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kjörbók, tímavinna</li> <li>Verkefnabók</li> </ul>
8. vika 5.-9.nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kjörbók</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Kjörbók</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kjörbók, vinna í tíma</li> <li>Val um ritgerð eða munnlegt próf</li> </ul>
9. vika 12.-16. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslensk bókmenntasaga 1950–1960</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Öldin öfgafulla</i>, bls. 107–141</li> <li><i>Ljóðahefti</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Kjörbókarritgerð skilað /munnleg próf eftir samkomulagi</li> </ul>
10. vika 19.-23. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslensk bókmenntasaga 1960–1980</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Öldin öfgafulla</i>, bls. 143–195</li> <li><i>Ljóðahefti</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkefnabók</li> <li>Verkefni – tímapróf úr <i>Öldinni öfgafullu</i>, 83–163.</li> </ul>
11. vika 26.-30. nóv.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslensk bókmenntasaga 1980–2000</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Öldin öfgafulla</i>, bls. 165–245</li> <li><i>Ljóðahefti</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkefni</li> </ul>
12. vika 3.-7. des	<ul style="list-style-type: none"> <li>Íslensk bókmenntasaga 2000-2010</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Öldin öfgafulla</i>, bls. 247–263</li> <li><i>Ljóðahefti</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Verkefnabók - lokaskil</li> </ul>
13. vika 10.-14. des.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heimildaleit og lestur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Vinna í tengslum við nemendafyrirlestur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nem. vinna við fyrirlestur</li> </ul>
14. vika 17.-21. des. <b>jólafrí</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Heimildaleit og lestur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li><i>Öldin öfgafulla</i>, bls. 247–263</li> <li><i>Ljóðahefti</i></li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Nemendafyrirlestrar fluttir</li> </ul>
15. vika 7.-9. jan.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Samantekt og áherslur</li> <li>Prófundirbúningur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>Upprifjun námsefnis</li> </ul>	